

BYGGINGARLÝSING

Frystigeymsla ásamt viðeigandi þjónustu og tæknirými.
Starfsmenn eru 2-4 að jafnaði.
Húsið er samtals 1.221 m2 að grunnfleti og 9.044 m3.

UPPBYGGING HÚSA

Frystiklefi
Grunnur og gólf eru steinsteypt. Undir gólfi frystigeymslu kemur 250mm einangrun og undir henni er rafmagns gólfhitakerfi.

Burðarvirki er byggt upp af stálstoðum á steyptum undirstöðum og grindarsperrum úr stáli. Ofan á þær koma berandi stálplötur og steinullareinangrun 250mm þykk. Ysta klæðning þaks er PVC dúkur. Veggir klæðast með 150mm stálsamlokueiningum með polyurepan einangrun.

Þjónustubygging
Grunnur og gólf eru steinsteypt. Undir gólfi afgreiðslu er 50mm einangrun.

Burðarvirki úr stálstoðum og bitum í þaki. Burðarvirki milligólfs úr stáli. Þak er klætt með berandi stálplötum og 120mm steinullareinangrun. Veggir klæðast með 150 mm polyurepan einingum.

LÓÐ

Lóð skal vera með bundnu slitlagi.

STÆRÐIR

1. hæð	
Frystigeymsla	**998,9 m²**
Aðstaða/afgreiðsla	**222,1 m²**
2. hæð	
Aðstaða/tæknirými	**66,3 m²**
Samtals flatarmál	**1287,3 m²**
Rúmm. hl	**9.044,0 m³**
Nýtingarhlutfall 1. áfanga	**0,34**
Stærð lóðar	**3.834,9 m²**
Leyfilegt byggingarmagn	**2770,6 m²**
Nýtingarhlutfall	**0,72**

Brunavarnir

Brunasamstæður – brunahólf
Húsið er allt ein brunasamstæða en skiptist í nokkur brunahólf.
Frystiklefi ásamt móttökurými er eitt brunahólf.
Lyftarahleðsla verður sér brunahólf.
Geymsla, gangur, ræsting, salerni og skrifstofa á 1. og 2. hæð er eitt brunahólf.
Þjöppun, rafmagnstöflur á 2. hæð eru eitt brunahólf.

Burðarvirki
Stálburðarvirki í frystiklefa verður ekki eldvarið sérstaklega.
Milligólf í þjónustubyggingu verður a.m.k. REI30. Burðarvirki sem það ber verður eldvarið þannig að það sé a.m.k. R30.

Klæðningar
Frystiklefi og þjónustubygging verður með útveggjaeiningum úr PUR einingum sem uppfylla a.m.k. D-s3,d0 skv. ÍST EN 13501-1:2002. Einingarnar skulu vera í samræmi við prEN 14509:2006. Einingarnar uppfylla ekki að vera klæðning í flokki 1. Þak verður með stálplötum og steinullareinangrun.
Innveggir verða almennt með klæðningum í flokki 1.

Flóttaleiðir
Hvergi er lengra en 35 m í útgang eða annað brunahólf.
Frystiklefi verður tveimur óháðum flóttaleiðum.
Móttökurými verður með tveimur flóttaleiðum.
Frá skrifstofu á annarri hæð verður önnur flóttaleiðin um björgunarop.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númeraðviðsetengt brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.
Frystiklefinn verður útbúinn með loftsýnatökukerfi í stað hefðbundins reykskynjarakerfis.
Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd verður við aðalinngang hússins.

Reyklosun
Reyklosun frá frystiklefa verður um reyklúgu í gafli sem verður u.þ.b. 2 m². Lúgan skal vera opnanleg frá stjórnhnappi sem er staðsettur við hlið stjórnstöðvar brunaviðvörunarkerfis.

Slöngukefli og slökkvitæki
Slöngukefli verður sett upp í móttökurými.
Slökkvitæki skal staðsett við brunaslöngu, t.d. léttvatn 9 kg tæki og annað í rafmagnstöfluherbergi (kolsýrutæki).

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í frystiklefa og móttökurými skv. byggingarreglugerð.
Útjós skulu sett upp við neyðarútganga.
Reikna skal með a.m.k. 0,5 lux í frystiklefa og móttökurými.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi, reyklúgu, handvirkur slökkvibúnaður, út- og neyðarlýsing).

ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI LÍMTRÉVÍRNETS EHF.

Númer	Dags.	Skýring breytingar	Br. af

LímtréVírnet
Teikniskrifstofa
Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík
kt. 700269-2729
Sími 530 6800 Fax 530 6819

MKV.	DAGS.	VERKNR.	ÚTGÁFA NR.
1:500	2006.11		1
TEIKN.	RÉKN.	YFIRF.	NR. TEIKNINGAR
BI	BI		001

NÚTI VERKS:
Snæfrost ehf., Grundarfirði

NAFN HÖNNUÐAR
Bjarni Ingibergsson
byggingatæknifræðingur
kt. 030861-2729

NÚTI TEIKNINGAR
Frystigeymsla
Afstöðumynd

ÁRITUN HÖNNUÐAR

DAGS. ÁRITUNAR